



## SAGNFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, hinn 22. maí 2002

Utanríkismálanefnd,  
Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Heiðruðu viðtakendur.

Í hjálögðu fylgiskjali er að finna umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu vestnorræns samstarfs og mótun íslenskrar nærsvæðastefnu (127. löggjafarþing 2001-2002. Þskj. 49 — 49. mál). Stjórn Sagnfræðingafélags Íslands fól Helga Þorlákssyni, prófessor í sagnfræði við HÍ, að rita umsögnina, en hann er einn þeirra sem gjörþekkir þennan málaflokk. Eins og umsögn hans sýnir ljóslega, þá hafa sagnfræðingar verið mjög áhugasamir um rannsóknir á sögu hinna vestnorrænu svæða. Nægir í því sambandi að nefna ráðstefnu sem Sagnfræðingafélagið stóð fyrir á Grænlandi árið 1996. Við tökum undir niðurstöður Helga Þorlákssonar og styðjum hugmyndir um auknar rannsóknir á tengslum innan og milli þessara svæða. Við viljum sérstaklega hvetja til samvinnu þeirra fjölmörgu aðila sem á undanförunum árum hafa verið virkir í rannsóknum á þessum sviðum, vegna þess að við teljum að slíkt geti best stuðlað að eflingu vísindasamfélagsins í heild.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Sagnfræðingafélagsins,

Dr. Páll Björnsson, form.

## Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar

Undirritaður hefur verið beðinn um að veita umsögn á vegum Sagnfræðingafélags um framkomna tillögu til þingsályktunar. Tillagan er borin fram af Steingrími J. Sigfússyni og fjallar um ‘eflingu vestnorræns samstarfs og mótun íslenskrar nærsvæðastefnu’ (127. löggjafarþing 2001-2. þskj. 49 – 49. mál).

Fjórði liður tillögunnar lýtur að rannsóknum á sögu Norður-Atlantshafssvæðisins og ritun hennar. Tilgreind eru í þessu sambandi, a) landnám og byggð norrænna manna á Grænlandi, b) tengsl Íslands og Færeyja, c) norræn arfleifð á Bretlandseyjum og Írlandi og ennfremur á vesturströnd meginlands Evrópu, d) landnám norrænna manna á austurströnd Norður-Ameríku, e) söguleg tengsl Íslands og Vestur-Noregs, f) saga siglinga, landafunda, byggðar og búsetu almennt við strendur Norður- og Norðvestur-Atlantshafs.

Hið vestnorræna samstarf lýtur að Vestur-Noregi, Íslandi, Færeyjum og Grænlandi og tengist sérstaklega siglingum vestnorrænna manna til Bretlandseyja og Írlands og Vesturheims. Hins vegar er svo hugmynd um samstarf sem miðast við Norður-Atlantshaf og koma þá sjálfsagt svæði eins og Jan Mayen, Svalbarði, Norður-Noregur og Finnmark líka til álita. Íslenskir sagnfræðingar hljóta að fagna tillögunni og styðja hana.

Hér verður vikið að einstökum ofantalinna liða. Um a-lið er vert að rifja upp að þingmaðurinn var áður fyrsti flutningsmaður tillögu ‘um að rita sögu landnáms og búsetu Íslendinga á Grænlandi og landafunda í Vesturheimi’ (þskj. 934, 1997-8). Það kom í hlut undirritaðs sem þáverandi forstöðumanns Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands að veita umsögn um þessa tillögu í samráði við þrjá starfsfélaga, prófessorana Gunnar Karlsson, Loft Guttormsson og Sveinbjörn Rafnsson, og var hún undirrituð 30. nóvember 1998 og send Alþingi. Tillögunni var fagnað og rakið hvað hefði verið gert á þessu sviði og hvað þarft væri að gera og vísast til þess. Eðlilegt er að Íslendingar leiti samstarfs um rannsóknir á umræddu sviði við grænenska, danska og norska fræðimenn.

Þess má geta að Sagnfræðingafélag hélt ráðstefnu undir heitinu ‘Grönland og Island – naboer før og nu’ í Quaqortoq á Grænlandi í júní 1996 með þátttöku danskra og grænenskra fræðimanna, auk íslenskra. Mikill áhugi var á að fá erindi frá ráðstefnunni gefin út og brá Sagnfræðistofnun á það ráð að efna til rits með vinnutitlinum *Grænland á miðöldum* með ýmsum greinum og erindum á ensku þar sem uppistaðan skyldu vera erindi frá ofangreindri ráðstefnu. Útkoma ritsins skyldi tengd hátíðarhöldum vegna 1000 ára afmælis landafunda enda skyldi ritið líka fjalla um siglingar til Vesturheims. Forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins hafnaði beiðni um styrkveitingu en skrifstofa Landafundanefndar veitti í lok mars 1999 vilyrði um 1,3 milljónir en afturkallaði það síðan. Einkafyrirtæki sýndu þessu máli ekki áhuga og það lognaðist út af þegar sýnt þótti að ekki tækist að koma ritinu út í tengslum við afmælishald og nýta þann markað sem sýningahald í Vesturheimi virtist ætla að opna. Þetta er rifjað upp hér til að sýna að áhugi er í röðum sagnfræðinga á sögu norrænna miðaldamanna á Grænlandi, tveir sagnfræðingar sem þátt tóku í ráðstefnunni 1996 voru td. tilbúnir að taka að sér ritstjórn framangreinds rits og voru fullir áhuga.

Íslendingar hafa tekið þátt í norrænu samstarfi um rannsóknir á sögu norrænna manna á Grænlandi og má einkum nefna fornleifafræði í því sambandi og þátttöku Sveinbjarnar Rafnssonar, prófessors í sagnfræði, og Guðmundar Ólafssonar fornleifafræðings við Þjóðminjasafn. Á Grænlandi biða mörg heillandi verkefni fyrir íslenska fræðimenn.

Um b-liðinn er rétt að fram komi að íslenskir fræðimenn hafa lengi átt samstarf við færeyska um sameiginleg efni og haldið ráðstefnur þar um, fyrst við Háskóla Íslands 1992. Í forystu um þetta mál hefur verið Ingi Sigurðsson sagnfræðiprófessor og hafa komið út þrjú rit með efni frá slíkum ráðstefnum, undir heitinu *Frændafundur*, hið fyrsta 1993. Þarft væri og tímabært að fá yfirlitsrit á íslensku um söguleg tengsl Íslands og Færeyja.

Um c-liðinn, norræna arfleifð á Bretlandseyjum og Írlandi, en líka gelíska arfleifð á Íslandi, hefur margt verið ritað enda mikill áhugi á efninu hérlendis. Má vísa til skrifa Hermanns Pálssonar, Gísla Sigurðssonar og Helga Guðmundssonar um efnið, til að nefna eitthvað. Minna er hins vegar fjallað hérlendis um norræna arfleifð á meginlandinu en franskir fræðimenn sem hafa fjallað um norræn áhrif í Normandí hafa nokkur tengsl við íslenska fræðimenn.

Á sögu landnáms norrænna manna á austurströnd Norður-Ameríku, sbr. d-lið, er mikill áhugi og má benda á skrif Páls Bergþórssonar og könnunarferðir Jónasar Kristjánssonar sem notið hefur aðstoðar Bjarna F. Einarssonar fornleifafræðings. En einkum ber þó að nefna framtak Stofnunar Sigurðar Nordals sem gaf út ritið *Approaches to Vinland* (2001) þar sem birt eru 17 erindi sem flutt voru á ráðstefnu sem stofnunin stóð fyrir 1999. Ráðstefnan var alþjóðleg en Íslendingar sem efni eiga í ritinu eru sjö. Ráðstefnan og ritið veita vísbendingu um æskileg vinnubrögð. Er brýnt að fræðimenn fái færi á að taka heimildir um Vínlandsferðir til gagnrýnnar endurskoðunar, eins og gert er í ritinu. Í því er lagður grunnur að skynsamlegri umræðu um vesturferðirnar en nokkuð bar á einstrengingslegri þjóðernishyggju, blindri trú á ritheimildir og jafnvel skrumskælingu í tengslum við hátíðarhöldin árið 2000.

Vestur-norrænt fræðasamstarf gæti verið miklu öflugra en það er, sbr. e-lið um söguleg tengsl Íslands og Vestur-Noregs. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands á aðild að svokölluðu Reykholtswerkefni með Þjóðminjasafni og Snorrastofu í Reykholti. Í ljós hefur komið að norskir fræðimenn í miðaldafræðum, einkum í Vestur-Noregi, eru áhugasamir um að vera með í slíku samstarfi, takist Íslendingum að afla fjár. Áhugi þeirra á tengslum Íslands og Noregs á miðöldum er ósvikinn og þeir meta menningarframlag Íslendinga og íslenskar heimildir mjög að verðleikum. En menn utan hins vestnorræna svæðis hafa líka áhuga, einkum hefur borið á vaxandi áhuga í Svíþjóð á verkum Snorra Sturlusonar. Þennan áhuga er reynt að virkja í Reykholtswerkefninu sem er fjölfaglegt og hefur tekist að afla styrkja úr ýmsum áttum. Er td. ákveðið að halda bæði vinnufundi og málstofu í Reykholti í október. Uppgröfturinn í Reykholti er þungamiðja rannsóknanna.

Í þessu sambandi er vert að vekja athygli á því hversu sjálfsagt og eðlilegt er að koma á formlegu samstarfi við Háskólann í Björgvin. Samstarfssamningur er þegar til milli Snorrastofu og Björgvinjarháskóla og slíkur samningur ætti líka að vera til milli Háskóla Íslands og Björgvinjarháskóla í tengslum við Reykholtswerkefnið. Þess konar samstarfssamningar verða þó oft orðin tóm ef ekki er pólitískur vilji til að gera efni þeirra að vernleika og ma. þess vegna ber að fagna umræddri þingsályktunartillögu.

Um f-liðinn, sögu siglinga, landafunda og byggðar og búsetu almennt við strendur Norður- og Norðvestur-Atlantshafs, er sjálfsagt og eðlilegt að hafa sem

nánast samstarf við norræna fræðimenn almennt og aðra áhugasama en þingsályktunartillagan veldur að athyglin beinist ekki síst að háskólunum í Björgvin, Þrándheimi og Tromsø.

Í þessu sambandi er vert að vekja á því athygli að núna hefur í fyrsta sinn verið efnt til háskólakennslu í fornleifafræði, innan tíðar verður ráðinn starfsmaður (lektor eða dósent) til að annast kennsluna við heimspekideild Háskóla Íslands og hefur greinin verið vistuð í sagnfræðiskor. Hins nýja kennara og annarra sem með honum munu kenna bíður mikið verkefni við að móta stefnuna í rannsóknum í víkingaaldar- og miðaldaforaleifafræði. Ern miklar vonir bundnar við að íslenskir fornleifafræðingar geti látið til sín taka í samvinnuverkefnum á þessu sviði sem bundin yrðu löndum við Norður-Atlantshafið. Sú samvinna gæti orðið mikil lyftistöng fyrir fornleifarannsóknir á Íslandi og líka orðið til framdráttar rannsóknum í öðrum greinum, svo sem sagnfræði, mannfræði og landafræði. Sagnfræðingar við sagnfræðiskor og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands hyggja gott til slíkrar samvinnu.

Í þessu viðfangi er vert að nefna að einn af þremur aðalþáttum í fyrrgreindu Reykholtuverkefni eru rannsóknir á mannvistarlandslagi og stjórnar þeim þætti Guðrún Gísladóttir, dósent í jarð- og landfræðiskor Háskóla Íslands. Þá má minna á að einn helsti sérfræðingur þjóðarinnar um siglingar að fornu er Þorsteinn Vilhjálmsson, prófessor í raunvísindadeild Háskóla Íslands.

Hið síðastnefnda er látið koma fram ekki síst vegna þess að í greinargerð með tillöggunni er sagt, 'Því er eðlilegt að horfa til Akureyrar og þeirra stofnana sem þar eru starfandi þegar að því kemur að skipuleggja þau verkefni og byggja upp það samstarf sem tillagan gerir ráð fyrir'. Þetta merkir vonandi ekki að sniðganga eigi Háskóla Íslands. Í greinargerðinni er sagt frá Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og virkri þátttöku Háskólans á Akureyri 'af Íslands hálfu í auknu samstarfi á norðurslóðum'. Verður ekki hjá því komist að minna á að í júní 1998 var haldin geysimikil ráðstefna við Háskóla Íslands um 'History of the Arctic and Sub-Arctic Region'. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands átti frumkvæði að ráðstefnunni í samvinnu við utanríkisráðuneytið en síðar kom Stofnun Vilhjálms Stefánssonar inn í samstarfið. Frumkvöðull ráðstefnunnar var prófessor Ingi Sigurðsson, við sagnfræðiskor Háskóla Íslands, og hann sá um útgáfu erindanna sem flutt voru. Erindin voru gefin út árið 2000 í bók sem er 623 bls. og kom út hjá Háskólaútgáfunni með stuðningi Sagnfræðistofnunar, utanríkisráðuneytis og Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar. Ingi Sigurðsson var ritstjóri bókarinnar ásamt Jóni Skaptasyni

Sjálfsagt og eðlilegt er að samvinna verði áfram en óhjákvæmilegt er að Háskóli Íslands eigi mikla aðild að þeirri samvinnu sem gert er ráð fyrir í þingsályktunartillöggunni vegna mannafla og burða. Hins vegar er æskilegt að þetta starf geti orðið Háskólanum á Akureyri og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar til framdráttar.

Með vinsemd og virðingu

Reykjavík, 16. maí 2002



Helgi Þorláksson  
prófessor í sagnfræði  
Háskóla Íslands